

AUGLÝSING

um nýtt verð á ílátum og umbúðum samkvæmt lyfsöluskrá I.

Frá og með 17. þ. m. gengur í gildi nýtt verð á ílátum og umbúðum samkvæmt lyfsöluskrá I frá 15. september 1959.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. september 1962.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás Eltasson.

12. september.

Nr. 149.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Valgerðar og Guðrúnar Steinsen, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. september 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Valgerðar og Guðrúnar Steinsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Valgerðar og Guðrúnar Steinsen.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður með dánargjöf Valgerðar Steinsen og gjöfum til minningar um Guðrúnu Steinsen.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 40000.00. Skal höfuðstóllinn aldrei skertur, og bætist sjóðnum gjafir, skal leggja þær við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta eitt eða fleiri fátæk börn á dagheimili. Skal barn það eða börn þau, er styrk hljóta, verða klædd eftir þörfum, að því leyti er styrkurinn leyfir, meðan þau dvelja á heimilinu, og einnig þá þau fara þaðan. Þau börn, sem einstæðingsstúlkur hafa á framfæri sínu, skulu ganga fyrir um styrkveitingu.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á sem beztan og tryggilegastan hátt. Árlegum vöxtum skal úthlutað í framangreindum tilgangi.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa dómprófasturinn í Reykjavík, ásamt einum ættingja Valgerðar og Guðrúnar Steinsen, er dómprófastur tilnefni.